

Fundargerð innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 6. mars 2025 kl 14.00, haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Páll Vilhjálmsson, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, byggðaðróunar Vestfjarðastofu og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

Dagskrá.

1. Undirbúningur fundar með Vegagerð 18. mars n.k. á Patreksfirði
2. Samgöngugreining.
3. Önnur mál

1. Undirbúningur fundar með Vegagerð 18. mars 2025.

Framhald á umræðu fundar innviðanefndar þann 4. febrúar s.l. um boðun og skipulag fundar 18. mars n.k. á Patreksfirði. Lagður fram tölvupóstur frá Vegagerðinni 4. mars um efni og dagskrá fundarins.

Vegagerðin gerir að tillögu að til umfjöllunar verði framkvæmdir sem eru í gangi á Vestfjörðum og eru framundan, jarðgöng og vetrarþjónusta.

Formaður gerði tillögu um að fundarstjóri verði Gerður Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Tillagan samþykkt.

Rætt um að fyrirkomulag fjarfundar (streymis) fyrir þá aðila sem ekki hafa tök á að sækja fundinn. Rætt um að leita til aðila í Vesturbyggð um framkvæmd, sviðsstjóra og formanni falið að kynna málið fyrir Vegagerðinni.

Farið yfir atriði sem lagt er til að fulltrúar Vegagerðarinnar tækju til umfjöllunar og þeirra fundarefna sem þegar er komið fram að hálfu Vegagerðarinnar. Innviðanefnd telur mikilvægt að fjallað verði markvisst og ítarlega um dagskráatriði og leggur til eftirfarandi upplegg.

- Framkvæmdir á Vestfjörðum, annarsvegar skipulag framkvæmda sem hafa verið boðin út, hinsvegar framkvæmdir við ný verkefni. Þar væri æskilegt að taka fyrir 5 ára áætlun og svo 15 ára áætlun. Síðan staða jarðgangaáætlunar, rannsóknir og forgangsroðun verkefna til næstu 30 ára.
- Vetrarþjónusta.
 - Staða á endurskoðun reglugerðar um vetrarþjónustu á grundvelli viðhorfskönnunar og samráðsfunda á síðasta ári og tillögugerð í framhaldinu.
 - Fá fram yfirlit um lokanir og tafatilvik á síðustu þrem vetrum
 - Fá upplýsingar um framkvæmd skráningar á lokunum á vegum eftir að þjónustutíma hættir.

- Fá upplýsingar um skráningar á tilvikum þegar kallað er eftir aðstoð vegna ófærðar.
 - Fá fram upplýsingar um ferlar hjá 1777 s.s. hvernig er staðið að viðbragði við tilvikum þegar bílar festast sérstaklega tilvikum með akstur með skólabörn.
 - Að koma á samráði við sveitarfélögin um þjónustu.
- Ferjan Baldur.
 - Hver ákveður verðskrá ferjunnar Baldurs fyrir þungaflutninga, afsláttur var afnumin á þungaflutninga v. samkeppnissjóarmiða. Verðskrá rekstaraðila virðist letja til flutnings með ferjunni.
 - Staða Baldurs í samgöngukerfinu á Vestfjörðum til framtíðar litið m.t.t. uppbyggingu vegakerfis.
 - Nýr rekstaraðili, tekur við, verða breytingar á þjónustu?
 - Viðhald og vegþjónusta
 - Viðhald stofnvega, fá yfirlit um aldur vega, ástand og áætlun um viðhald þeirra.
 - Viðhald tengivega, fá yfirlit um aldur vega og áætlun um viðhald þeirra.
 - Aðgerðir í tengslum við sólmyrkva í ágúst 2026.
 - Útboð á flugi til Bíldudals, í undirbúningi er útboð flugsins til næstu þriggja ára. Hver er staða málsins og hvernig er staðið að samráði við íbúa og Vesturbyggð.
 - Strandavegur. Í byrjun apríl n.k. mun Hæstiréttur fjalla um og úrskurða í málum er tengjast kröfum um breytingar á landamerkjum jarða í Árneshreppi og tengjast vatnasviði virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði. Falli úrskurður með hagsmunum virkjunaraðila þá mun undirbúningur framkvæmda hefjast og kalla á úrbætur á Strandavegi til að koma að tækjum og búnaði. Hver eru sjónarmið Vegagerðarinnar gagnvart endurbótum á veginum og í sambærilegum aðstæðum s.s. við framkvæmdir við Hvammsvirkjun.

2. Verkefni um samgöngugreiningu

Sviðsstjóri kynnti að í vinnu að gerð svæðisskipulags Vestfjarða væri horft til stöðu og framtíð samgöngumála á Vestfjörðum með tilliti til spá um fjölgun íbúa og eflingu atvinnulífs. Innan svæðisskipulagsnefndar kom fram tillaga að gerð yrði greining á stöðu og forgangsöröðun í samgönguverkefnum á Vestfjörðum, sem myndi nýtast í svæðisskipulagsvinnu og inn í nýja samgönguáætlun. Jafnframt er það tilgangur verkefnisins að fá umræðu um verkefnin og stuðla að sameiginlegri sýn á forgangsöröðun þeirra m.t.t. hagsmuna Vestfjarða.

Kynnt verktíloboð frá VSÓ ráðgjöf og Urbana ehf um framkvæmd verkefnisins og óskað umsagnar til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Rætt um efni máls og leggur innviðanefnd til við stjórn Fjórðungsambands að verkefninu verði hrint í framkvæmd með hliðsjón af eftirfarandi sjónarmiðum.

Með gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026 – 2050, sameinast sveitarfélög á Vestfjörðum um þá framtíðarmynd að íbúum fjölgi og atvinnulíf eflist. Innviðanefnd telur að framtíðarmynd svæðisskipulagsins muni ekki rætast, nema að á næstu 25 árum sé lokið sé við tengingu atvinnusvæða með jarðgöngum og endurbótum á núverandi jarðgöngum og jarðgöngum er tengja Vestfirði við samgöngukerfi landsins. Samhliða uppbyggingu og viðhaldi stofn og tengivega á Vestfjörðum. Forgangsörðun þessara verkefna fer fram við vinnu að gerð samgönguáætlunar og vinnu að fjármögnun verkefna.

Innviðanefnd telur mikilvægt að uppfæra upplýsingar um stöðu samgönguframkvæmda og sjónarmið hagaðila. Leggja þær upplýsingar með framtíðarmynd Svæðisskipulagsins og setja þær forsendur gagnvart stjórnvöldum við gerð nýrrar samgönguáætlunar til fimm ára og fimmtán ára.

Önnur mál.

Innanlandsflug;

Rædd staða áætlunarflugs til Ísafjarðar vegna tilkynningar Icelandair um að hætta því flugi 1. júní 2026.

Innanlandsflug er kjarni í almenningssamgöngum Vestfjarða og því kerfi stjórnvalda að setja meginþætti samfélagþjónustu á höfuðborgarsvæðið. Innanlandsflug er og hefur verið undirstaða í þróun samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum og vaxandi þáttur í þróun ferðaþjónustu landshlutans.

Innviðanefnd leggur áherslu á að nýta þetta tilefni til að skoða stöðu áætlunarflugs til Vestfjarða með heildrænum hætti. Tveir meginþættir ættu að vera þar til skoðunar, flugöryggi og þróun flugmarkaðar.

Landfræðilegar aðstæður á Vestfjörðum hafa meiri áhrif á flugöryggi en í öðrum hlutum landsins. Rannsóknir á mögulegum nýjum flugvallarstöðum á norðanverðum Vestfjörðum, bætt flugleiðsögn með gervihnöttum (EGNOS) og greining á samþættingu á nýtingu Bíldudalsflugvallar og Ísafjarðarflugvallar eru allt verkefni sem að mati innviðanefndar þarf að hrinda í framkvæmd án frekari fyrirvara.

Innviðanefnd telur að ljósi fjölda flugfarþega eigi að vera til staðar markaðslegar forsendur fyrir áætlunarflugi til Ísafjarðar ásamt aðild Loftbrúar og það verði að vera útgangspunktur í umræðu um málið. Til þrautar yrði að skoða aukna aðkomu ríkisins með útboði. Hér væri einnig ástæða til samtals við sveitarfélög sem búa við sambærilegar aðstæður.

Fleira ekki gert og fundi slitð kl 15.45.